




## ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	26/11 2014
Málsnr:	141351
Bréfal:	2533

Hafnarfirði 17. nóvember 2014

Ágæta bæjarsjórn Hafnarfjarðarbæjar

### Ályktun

Formannafundur ÍBH haldinn 15. nóvember 2014 í félagsheimili Siglingaklúbbsins Þyts. Bendir á að Hafnarfjarðarbær hefur tekið 15% skerðingu allra samninga til baka og vísitölutengt þá aftur frá og með 1. janúar 2014. Fundurinn hvetur Hafnarfjarðarbæ til þess að halda áfram vinnu við að leiðrétta og styrkja samninga við íþróttahreyfinguna. Stjórn ÍBH leggur jafnframt til neðangreindar tillögur að breytingum á samningum og uppbyggingu íþróttamannvirkja :

Tillögur:

1. Gerður verður nýr rekstrarsamningur við Íþróttabandalag Hafnarfjarðar. Lagt er til að hann taki gildi 1. janúar 2015. Hækkunir verði settar inn í fjárhagsáætlun 2015 og að hann verði vísitölutengdur.
2. Skrifstofustyrkur til íþróttafélaga verði hækkaður og stöðugildi íþróttafulltrúa og/eða styrkir til íþróttagreina verði hækkaðir til samræmis við samninga í nágrannasveitarfélögum Hafnarfjarðar. Lagt er til að aukinn styrkur vegna þessara þátta verði að hálfu greiddur árið 2015 og að fullu á árinu 2016. Fjárhæð vegna þessara liða taki mið af breytingum á launavísitölu.
3. Leiðrétt verði einhliða 15% skerðing og afnám vísitölu allra samninga íþróttahreyfingarinnar fyrir árin 2012 og 2013, enda enginn samningur í gildi milli aðila um slíkar skerðingar frá 1. janúar 2012.
4. Íþróttabærinn Hafnarfjörður verði ekki eftirbátur nágrannasveitarfélaga varðandi stuðning við afreksíþróttir.
5. Fundurinn skorar á Hafnarfjarðarbæ að hefja nú þegar undirbúning að byggingu nýs íþróttasalar við Ásvelli sem tekinn verði í notkun haustið 2016.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar ÍBH,

Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH